

**593. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
fimmtudaginn 23. júní 2022  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Lilja Magnúsdóttir (LM), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 593 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps - 2205206**

Tillögur að breytingum á Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps lagðar fram til fyrri umræðu.

*Samþykkt samhljóða að visa tillögunum til síðari umræðu á reglubundnum fundi sveitarstjórnar í ágúst 2022.*

**2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069**

Lagðar fram tillögur að erindisbréfum fagnefnda Tálknafjarðarhrepps þ.e. Atvinnu- og hafnarnefndar, Skipulagsnefndar, Umhverfis- og bygginganefndar, Fræðslunefndar og Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefndar.

*Samþykkt samhljóða að visa erindisbréfunum til viðkomandi nefnda til umsagnar og koma þau að því loknu aftur til umfjöllunar og staðfestingar í sveitarstjórn.*

**3. Kjör í fastanefndir til fjögurra ára 2022-2026 - 2205202**

Mál áður á dagskrá á 592. fundi sveitarstjórnar.

Kjorið fer fram í samræmi við A-lið 41. greinar Samþykktar um stjórn

Tálknafjarðarhrepps eins og hún birtist í þeirri tillögu sem var lögð fram í 1. máli á þessum fundi.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Atvinnu- og hafnarnefnd sé þannig skipuð:*

*Aðalmenn:*

*Ásgeir Jónsson, formaður*

*Jenný Lára Magnadóttir*

*Jón Ingi Jónsson*

*Varamenn:*

*Fjöltnir Freysson*

*Freyja Magnúsdóttir*

*Ragnar Þór Marinósson*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Umhverfis- og byggingarnefnd sé þannig skipuð:*

*Aðalmenn:*

*Sigurvin Hreiðarsson, formaður  
Aðalsteinn Magnússon  
Jónas Snæbjörnsson*

*Varamenn:  
Anna Kristín Gylfadóttir  
Guðmundur Sæmundsson  
Marinó Bjarnason*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Skipulagsnefnd sé þannig skipuð:  
Aðalmenn:  
Lilja Magnúsdóttir, formaður  
Kristinn Marinósson  
Ingibjörg Jóna Nóadóttir*

*Varamenn:  
Bára Mjöll Ragnheiðardóttir  
Hjalti Þór Heiðarsson  
Asgeir Jónasson*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Fræðslunefnd sé þannig skipuð:  
Aðalmenn:  
Jóhann Örn Hreiðarsson, formaður  
Gerður Rán Freysdóttir  
Anna Kristín Gylfadóttir*

*Varamenn:  
Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir  
Jónas Snæbjörnsson  
Guðlaugur Jónsson*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ípróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd sé þannig skipuð:  
Aðalmenn:  
Jenný Lára Magnadóttir, formaður  
Kristrún Guðjónsdóttir  
Magnús Óskar Hálfhásson*

*Varamenn:  
Hafðís Helga Bjarnadóttir  
Guðbjartur Ásgeirsson  
Ágústa Ósk Aronsdóttir*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Kjörstjórn Tálknafjarðarhrepps sé þannig skipuð:  
Aðalmenn, kjörstjórn skiptir með sér verkum:  
Pálína Kristín Hermannsdóttir  
Sigurvin Hreiðarsson  
Magnús Óskar Hálfhásson*

*Varamenn:  
Thelma Dögg Theódórsdóttir  
Lilja Magnúsdóttir  
Inga Jóhannesdóttir*

#### 4. Kjör í stjórnir og samráðsnefndir - 2205203

Mál áður á dagskrá á 592. fundi sveitarstjórnar.

Kjórið fer fram í samræmi við B-lið 41. greinar Samþykktar um stjórn Tálknafjarðarhrepps eins og hún birtist í þeirri tillögu sem var lögð fram í 1. máli á þessum fundi.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í Almannaþingarnefnd Vestur-Barðastrandasýslu verði eftirtaldir:  
Sveitarstjóri verður aðalfulltrúi og oddviti sveitarstjórnar varafultrúi.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í sameiginlegri fjallskilanefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar verði eftirtaldir:  
Lilja Magnúsdóttir aðalfulltrúi og til vara Guðni Ólafsson.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í Velferðarráði Vestur-Barðastrandarsýslu verði eftirtaldir:*

*Aðalmenn:*

*Jóhann Örn Hreiðarsson  
Solveig Björk Bjarnadóttir*

*Varamenn:*

*Helga Birna Berthelsen  
Jenný Lára Magnadóttir*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Tálknafjarðarhrepps á aðalfundi Hafnasambands Íslands í samræmi við samþykktir þess verði eftirtaldir:  
Aðalfulltrúi Ásgeir Jónsson formaður atvinnu- og hafnarnefndar og varafultrúi Jenný Lára Magnadóttir.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í Samráðsnefnd sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps verði eftirtaldir:*

*Aðalmenn:*

*Lilja Magnúsdóttir  
Guðlaugur Jónsson*

*Varamenn:*

*Jóhann Örn Hreiðarsson  
Jenný Lára Magnadóttir*

*Á 592. fundi sveitarstjórnar 02.06.2022 var samþykkt að fulltrúar Tálknafjarðarhrepps á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga verði Lilja Magnúsdóttir aðalmaður og Guðlaugur Jónsson til vara.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í Þjónustuhópi aldraðra verði eftirtaldir:*

*Jóhann Örn Hreiðarsson aðalmaður og til vara Jenný Lára Magnadóttir.*

#### 5. Ráðning sveitarstjóra - 2205204

Mál áður á dagskrá á 592. fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri, Ólafur Þór Ólafsson, óskaðir eftir því við sveitarstjórn að víkja af fundi

undir þessum lið og var það samþykkt.

Lilja Magnúsdóttir tók við sem fundarritari undir þessum lið.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráða Ólaf Þór Ólafsson sem sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 og ráðningarsamningur við hann samþykktur samhljóða.*

*Sveitarstjórn býður Ólaf velkominn til áframhaldandi starfa og fagnar samstarfi næstu ára.*

#### **6. Íbúagötur, framkvæmdir 2022 - 2203260**

Lögð fram endurbætt tillaga vegna framkvæmda á íbúagötum. Áður á dagskrá á 591. fundi sveitarstjórnar.

*Samþykkt samhljóða að gatnaframkvæmdir sumarið 2022 verði í samræmi við það sem kemur fram í framlagðri tillögu. Sveitarstjórn leggur áherslu á að framkvæmdirnar verði vel kynntar.*

#### **7. Lántaka 2022 - 2205123**

Á fundinum verður lögð fram greinargerð frá KMPG vegna lántöku á árinu 2022. Áður á dagskrá á 591. fundi sveitarstjórnar.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leita til Lánasjóðs sveitarfélaga vegna lántöku vegna framkvæmda í samræmi við samþykktu fjárfestingaráætlun ársins 2022.*

#### **8. Beiðni Vesturbyggðar um óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga - 2112074**

Mál áður á dagskrá á 592. fundi sveitarstjórnar. Tekið fyrir erindi frá bæjarstjórn Vesturbyggðar dags. 20.12.2021 þar sem óskað er eftir óformlegum viðræðum um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka upp óformlegar viðræður við bæjarstjórn Vesturbyggðar um sameiningu sveitarfélaganna tveggja.*

#### **9. Umsókn í fiskeldissjóð - 2203335**

Erindi frá stjórn Fiskeldissjóðs dags. 27.05.2022 þar sem tilkynnt er um að tekin hafi veirð ákvörðum um að styrkja verkefni Tálknafjarðarhrepps "Fólk og fyrirtæki til móts við nýja tíma" um 28,8 milljónir kr. Í erindinu kemur fram að í ár hafi alls borist 15 umsóknir þar sem óskað var eftir styrkjum að fjárhæð samtals 457,2 milljónir króna. Stjórn ákvað að veita níu styrki sem samtals nema 185,1 m. kr. Umsókn Tálknafjarðarhrepps hljómaði upp á 49,9 milljónir króna.

Samningur vegna styrkveitingarinnar verður lagður fram til staðfestingar ef hann verður tilbúinn fyrir fundinn.

*Sveitarstjórnin lýsir yfir ánægju með að stjórn Fiskeldissjóð hafi ákveðið að veita styrk í verkefni á vegum Tálknafjarðarhrepps.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við Fiskeldissjóð vegna styrkveitingarinnar í samræmi við framlagða teikningu og umræður á fundinum.*

**10. Samstarfssamningur við Kvenfélagið Hörpu - 2206072**

Lögð fram tillaga að samstarfssamningi við Kvenfélagið Hörpu.

Jenný Lára Magnadóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í máli og var samþykkt að hún viki við afgreiðslu þess.

Sæti hennar við afgreiðslu málsins tók Marinó Bjarnason.

*Framlögð tillaga að samstarfssamningi er samþykkt samhljóða. Sveitarsjóra er falið að rita undir samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins og verður það gert á 60 ára afmælishátíð Kvenfélagsins Hörpu sem fer fram 25.06.2022.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps óskar Kvenfélaginu Hörpu til hamingju með 60 ára afmælið og biður sveitarstjóra að koma á framfæri kærri kveðju til félagsins með þakklæti fyrir öll þeirra störf fyrir samfélagið á liðnum árum.*

**11. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða - 2103057**

Tillaga að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022 sem kynnt er samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 sem er aðgengileg ásamt umhverfismati á vefsvæðinu <https://www.hafskipulag.is/um/frettir/strandsvaedisskipulag-vestfjarda-2022> og liggur jafnframt frammi á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps.

Í skipulagstillögunni er sett fram stefna um nýtingu svæðis sem nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögunni til umfjöllunar í Atvinnu- og hafnarnefnd, Skipulagsnefnd og Umhverfis- og byggingarnefnd. Umsagnir nefndanna skulu liggja fyrir á reglubundnum fundi sveitarstjórnar í ágúst.*

**12. Aðalfundur BsVest 2022 - 2206024**

Erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks þar sem boðað er til aðalfundar samlagsins sem fer fram 05.07.2022. Kemur fram í dagskrá fundarins að á honum verður kosið í stjórn BsVest.

*Lagt fram.*

*Samþykkt að tilefna Ólaf Þór Ólafsson, sveitarstjóra, sem fulltrúa Tálknafjarðarhrepps í stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.*

*Samþykkt að Lilja Magnúsdóttir, oddviti, fari með atkvæði Tálknafjarðarhrepps á aðalfundinum.*

**13. Samráðsfundur Náttúrustofu Vestfjarða og kosning stjórnar - 2206017**

Erind frá Náttúrustofu Vestfjarða dags. 03.06.2022 þar sem aðildarsveitarfélög stofunnar eru minnt á að tilnefna fulltrúa á samráðsfund sveitarfélaganna vegna Náttúrustofu Vestfjarða sem og tilnefna fulltrúa í stjórn sem verður kosin á samráðsfundinum.

*Lagt fram.*

*Samþykkt samhljóða að Lilja Magnúsdóttir, oddviti, verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps á samráðsfundi sveitarfélaganna um Náttúrustofu Vestfjarða og er jafnframt tilnefnd í stjórn stofunnar.*

**14. Sumarleyfi sveitarstjórnar 2022 - 2206071**

Minnisblað sveitarstjóra dags. 20.06.2022 þar sem lagt er til að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í júlí 2022 falli niður vegna sumarleyfis í samræmi við 8. gr. Samþykkt

um stjórn Tálknafjarðarhrepps. Næsti reglubundni fundur sveitarstjórnar muni þá fara fram fimmtudaginn 11.08.2022.

*Tillaga um að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í júlí 2022 falli niður vegna sumarleyfis er samþykkt samhljóða.*

**15. Breyting á starfsleyfi - 2206054**

Erindi frá Umhverfisstofnun dags. 16.06.2022 þar sem tilkynnt er um að Umhverfisstofnun hafi tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi Arnarlax ehf. í Patreks- og Tálknafirði.

*Lagt fram.*

**16. Ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða 2021 - 2206004**

Ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2021 lagður fram.

*Lagt fram.*

**17. Menntun til sjálfbærni - 2205215**

Erindi frá Landvernd dags. 27.05.2022 varðandi ákall kennara til sveitarstjórna um allt land um menntun til sjálfbærni.

*Lagt fram.*

*Vísað til fræðslunefndar til kynningar.*

**18. Áskorun stjórnar Félags atvinnurekenda til sveitarfélaga - 2206001**

Ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda dags. 31.05.2022 vegna fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.

*Lagt fram.*

**19. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021**

Sveitarstjóri fór munnlega yfir stöðu ýmissa verkefna.

*Rætt.*

**20. Fjórðungsping Vestfirðinga - 2201004**

Þinggerð 67. Fjórðungspings Vestfirðinga á kosningasumri sem fór fram á Ísafirði 14.06.2022.

*Lagt fram.*

**21. Fundargerðir 2022 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2202183**

Fundargerð 138. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 11.05.2022.

*Lagt fram.*

**22. Verkfundir vegna Strandgötu/Tálknafjarðarvegur - 2111263**

Fundargerðir verkfunda vegna framkvæmda við Strandgötu/Tálknafjarðarveg nr. 10 frá 06.05.2022, nr. 11 frá 20.05.2022 og nr. 12 frá 03.06.2022.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 22:00.**

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)